

Deka latex Tækniblað

Steypulím & íblöndunarefni



Efnislýsing

Deka latex er vatnspynnanlegt steypulím og íblöndunarefni fyrir múr, múrblöndur og tjöruefni sem inniheldur styrene-butadine copolymer. Lausnin er frost/þýðu stöðug. Hún heldur efni sem koma í veg fyrir að hún freyði. Varan inniheldur ekki APEO (Alkylphenol Ethoxylates) né ammoníak.

Notkunarsvið

- Deka latex er íblöndunarefni í steypu, múrblöndur og flotefni sem eykur viðloðun, vatnspéttni, efnapól og slitstyrk.
- Deka latex blandað sementi er tilvalið sem múrlím blautt í blautt.
- Deka latex er einnig rakapolið og kjörið til notkunar utanhúss.
- Þegar Deka latex er blandað í múr og steypu þá eykur að aðeins loft í blöndunni og því skal taka tillit til þess við notkun loftblendiefna.

Blöndun Deka latex í venjulegar múrblöndur

- Í þússningu: 1 hluti Deka latex á móti 4 hlutum vatni.
- Í viðgerð: 1 hluti Deka latex á móti 3 hlutum vatn.
- Í þéttimassa: 1 hluti Deka latex á móti 2 hlutum vatni.
- Sem steypulím: 1 hluti Deka latex, 2 hlutar vatn, 1 hluti sement, 2 hlutar sandur. Hrærist þar til blandan er seigfljótandi og notist blautt í blautt.

Geymsla

Geyma skal Deka latex í lokuðum umbúðum við +5° C til 35° C.

Má ekki frjósa

Verjið pakkingar fyrir beinu sólskini.

Við geymslu getur orðið lítilsháttar aðskilnaður í efninu. Hristið vel fyrir notkun.

Eiginleikar Deka latex

Purrefni (ISO 3251)	47,0%
---------------------	-------

pH	10,0
----	------

Seigja (e.viscosity)	
----------------------	--

Brookfield LVF, 60 rpm (ISO 1652)	90 mPas
-----------------------------------	---------